

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Auglýsing um fullgildingu alþjóðafjarskiptasamninga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. nóvember 1948, nr. 78.

Auglýsing um viðskiptasamninga milli Íslands og Bretlands 1948, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. nóvember 1948, nr. 79.

Auglýsing varðandi samning um samræmda aðferð við skipamælingar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 80.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. nóvember 1948, nr. 81.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði, undirskrifuð af forsetanum 13. nóvember 1948, nr. 82.

Lög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, undirskrifuð af forsetanum 26. nóvember 1948, nr. 83.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949, undirskrifuð af forsetanum 3. desember 1948, nr. 84.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar. 144 2. des.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. f. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Skagahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Örlygsstöðum að Björgum, enda annast hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 82/1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit. 145
6. okt.

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilar eru án fjárfestingarleyfis framkvæmdir, sem eigi kosta meira í efni og vinnu en 10 000 krónur. Fjárhagsráð getur þó ákveðið, að fjárfestingarleyfi þurfi til ákveðinna tegunda þessara framkvæmda eða bannað þær með öllu, ef það telur, að þær séu óeðlileg soun á vinnu og efni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70/1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 6. október 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.